



Stjórn Origo hf.
V.t. Hjalti Þórarinsson, formaður stjórnar
Borgartún 37
105 Reykjavík

Reykjavík, 3. mars 2021

Bréf sent með tölvupósti á: hjalti@origo.is

Efni: Breytingartillaga vegna 9. dagskrárliðar aðalfundar 4. mars 2021

Með vísan í kauphallartilkynningu um aðalfund Origo hf. óskar Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) eftir því að eftirfarandi breytingartillaga verði tekin fyrir á dagskrá aðalfundar sem haldinn verður 4. mars 2021.

Tillaga LV er breytingartillaga við dagskrárlið 9 um heimild stjórnar til að kaupa allt að 10% af hlutafé félagsins á næstu 18 mánuðum. Tillaga LV felur í sér að slík heimild sé einungis nýtt í eftirfarandi tilgangi;

- i. koma á viðskiptavakt í félaginu,
- ii. setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða
- iii. gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Breytingartillaga:

Lagt er til að setningunni „*Tilgangur kaupanna er að i) koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum*“ verði bætt við fyrirliggjandi tillögu við dagskrárlið 9.



Að teknu tilliti til ofangreindrar breytingar yrði tillagan í heild sinni eftirfarandi:

„Aðalfundur Origo hf. þann 4. mars 2021 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftari á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess. Tilgangur kaupanna er að i) koma á viðskiptavakt í félaginu, ii) setja upp formlega endurkaupaáætlun og/eða iii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin hlutum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum.

Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutabréfin fara fram, hvort sem er hærra.

Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfiðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfiðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995. Eldri heimild fellur niður.”

Greinargerð með tillögu:

Breytingartillagan felur í sér almennar reglur, skýrt umboð stjórnar til kaupa á eigin bréfum félagsins og tryggir um leið eðlilegt jafnræði meðal hluthafa þess.

Virðingarfyllst
f.h. Lifeyrissjóðs verzlunarmanna

Arne Vagn Olsen
Forstöðumaður eignastýringar LV